

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af löggjafarnefnd.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

1. gr.

Í stað orðanna „þóknananefndar kirkjunnar“ í 13. gr. starfsreglnanna kemur: biskups Íslands.

2. gr.

14. og 15. gr. starfsreglnanna falla brott, ásamt fyrirsögnum.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Þóknananefnd kirkjunnar, sem kirkjuþing setti upphaflega á laggirnar árið 1998, starfar nú samkvæmt starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum. Samkvæmt 3. og 5. másl. 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna ákveður nefndin þóknun fyrir störf í ráðum, nefndum og starfshópum á vegum kirkjunnar. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknunir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar, sbr. 1. gr. starfsreglna nr. 1116/2018. Á þessu ári var aukið við þriðja málslið orðunum „nema annað sé ákveðið í öðrum starfsreglum“, sbr. 4. gr. a í starfsreglum nr. 984/2020 og á þessari breytingu byggist nú tillagan í 1. gr. um að biskup Íslands ákveði þóknun teymis þjóðkirkjunnar fyrir störf sín.

Í gildi er gjaldskrá þóknananefndar þjóðkirkjunnar sem gildir almennt frá 1. nóvember 2017. Í gjaldskránni er eftirfarandi sérákvæði þóknananefndar vegna

sérfræðiþekkingar. „Þegar sérfræðingur er fenginn til starfa á vegum kirkjunnar vegna yfirgripsmikillar þekkingar sinnar og reynslu í viðkomandi málaflokki, getur þóknana nefnd ákveðið honum þóknun, þar sem m.a. er litið til þess tímagjalds sem tíðkanlegt er í sérfræðigreini hans“.

Nefndin hefur haft það verklag að úrskurða um þóknun nýrra nefnda, þegar reynsla hefur fengist af störfum hennar, vinnuálagi o.fl. Það þykir vera rétt verklag.

Það hefur hins vegar leitt til þess að ekki er hægt að veita sérfræðingum fyrirfram þann fyrirsjáanleika og öryggi um tekjur af störfum í nefndum kirkjunnar, sem nauðsyn krefur og að framan er rakið. Er því brýn þörf á því að veita það svigrúm sem hér er lagt til með 1. gr. tillögunnar.

Í 14. og 15. gr. starfsreglna um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar, er fjallað um greiðslur á kostnaði sem skuli greiðast úr kirkjumálasjóði. Rétt er að fella ákvæðin niður en kostnaður mun nú greiðast frá Þjóðkirkjunni - Biskupsstofu og verður gert ráð fyrir því í fjárlögum kirkjuþings ár hvert, í samræmi við starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu nr. 931/2020.